

110

23. sept.

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað nr. 82 24. sept. 1929.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1899, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

SAMPYKKT

um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Á tímabilinu frá kl. 10 á kvöldin til kl. 7 á morgnana, má ekki blása á eimpípu í bænum né á höfninni.

2. gr.

Bannað er að nota sirenuflautu í bænum nema sem brunaboða.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. september 1937.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

111

30. sept.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Jóns Ólafssonar, bankastjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. september 1937.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Jóns Ólafssonar bankastjóra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Jóns Ólafssonar bankastjóra“ og er stofnaður með 2000 kr. minningargjöf frá Ólafi kaupmanni Ólafssyni í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn skal geymdur í Söfnunarsjóði Íslands og skipa stjórn sjóðsins á hverjum tíma sömu menn og sitja í stjórn Dýraverndunarfélags Íslands.

3. gr.

Gjafir er sjóðnum kunna að áskotnast skulu leggjast við höfuðstól hans óskertar. Allt að helmingi ársvaxta höfuðstóls, þó aldrei meira en 200 krónum, má árlega

verja til verðlauna fyrir ritgerðir um dýraverndun, eða önnur skyld efni, sem birtar verða í Dýraverndaranum, málgagni Dýraverndunarfélags Íslands, og dæmir sjóðsstjórnin um hvaða ritgerðir eru verðlaunahæfar og hve hátt þær skuli verðlaunaðar. 111
30. sept.

Í fyrsta tölublaði „Dýraverndarans“ ár hvert skal stjórn sjóðsins vekja athyggli manna á veitingu verðlauna þessara og hvetja menn til að semja verðlaunaritgerðir, annað hvort um ákveðið efni eða sjálfvalið.

Sá hluti ársvaxta, sem eigi er varið til verðlauna, leggst við höfuðstólinn.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 20000 krónur, má sjóðsstjórnin, auk þeirra 200 króna, sem verja má til verðlauna fyrir ritgerðir um dýraverndun samkv. 3. gr., verja allt að hálfum ársvöxtum sjóðsins til eflingar almennri dýraverndun í landinu, með verðlaunum fyrir góða meðferð á dýrum, styrkveitingu til dýrahælis í Reykjavík eða með öðru móti sem sjóðsstjórnin telur heppilega. Þó skal á hverju ári leggja að minnsta kosti 300 krónur af ársvöxtunum við höfuðstól sjóðsins, unz hann er orðinn 50000 kr.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 50000 kr. má verja $\frac{1}{10}$ hlutum ársvaxta hans samkv. fyrimælum 4. gr. en $\frac{1}{10}$ hluti ársvaxtanna skal lagður við höfuðstólinn unz sjóðurinn er orðinn 100000 kr., má þá verja öllum ársvöxtunum samkv. 4. gr. að undanskildu því tillagi til höfuðstóls, sem Söfnunarsjóður kann að krefjast lægst.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal birta sjóðsreikningana á hverju ári í B-deild stjórnartíðindanna og auk þess í „Dýraverndaranum“, eða því blaði sem þá er málgagn dýraverndunarstarfsemi í landinu.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 14. september 1937.

Ólafur Ólafsson.

REGLUGERÐ

um loðdýrarækt.

112

27. okt.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir yfirlýsningu með allri loðdýrarækt í landinu.

2. gr.

Loðdýr nefnast öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega, svo sem refir (vulpes), merðir (mustelidae) t. d. venjulegur mörður, sundmörður (mink), pekan, safali o. fl., otrar (lutridae), þvottabirnir (procyon lotor), hérar (lepus) t. d. venjulegir hérar, kanínur o. fl., nútríur (myopotamus coypu), bjórar (castoridae), íkornar (sciurus) o. s. frv.

Verði ágreiningur um hvort einhver dýrategund, sem hér er ekki talin, skuli teljast til loðdýra eða ekki, sker landbúnaðarráðherra úr.

3. gr.

Loðdýrarækt og loðdýrabú nefnist, ef loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni, en loðdýraeldi, ef loðdýr eru alin um stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða